

Umfjöllun Kærleikssamtakanna

varðandi málefni heimilislausra

HEILDARLAUSNIR

desember 2018

Kærleikssamtökin hafa beint sjónum sínum að málefnum heimilislausra undanfarin áratug eftir að hafa verið með sjálfstyrktarnámskeið á Litla Hrauni vikulega í heilt ár frá haustinu 2008-9 og unnið styrktarverkefni fyrir einstaklinga utan fangelsis eftir úthlutun styrks í tengslum við *Evrópuár 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun*. Prentaðir voru bæklingar sem dreift var á alla helstu opinberu staði, s.s. skóla, félagsþjónustur, bókasöfn, lögreglustöðvar o.fl. staði um allt land. Kærleikssamtökin hafa þann tilgang að aðstoða og vinna með einstaklingum sem hafa gengið í gegnum áföll og ná ekki aftur fótfestu í lífinu á eigin forsendum. Mikill meirihluti þeirra glímur við geðrænan vanda, er í neyslu, inn og út úr fangelsi og/eða eru heimilislausir. Þar sem mjög misjafnt er hversu illa haldinn hver einstaklingur er og hvaða hóp viðkomandi tilheyrir þá hafa Kærleikssamtökin þróað úrræði sem hægt er að aðlaga að stöðu, ástandi og þörfum hvers og eins hvort sem viðkomandi þarf einhvers konar meðferð fyrst eða samhliða, heimili til skemmri eða langri tíma, eftirfylgni eða að aðlagast á vernduðum vinnustað.

Þær **HEILDARLAUSNIR** sem Kærleikssamtökin eru með, miða að því að þeirra úrræði sé notað eitt og sér en **þó helst** samhliða öðrum úrræðum – hvort sem er aðkoma velferðarsviðs, heimili rekin af borginni, neyðarskýli, bráðabirgðaúrræði, meðferða- eða áfangaheimili sem fá styrki eða starfa sjálfstætt, eða aðkomu þá sérhæfðra meðferðaraðila sem tengjast heilbrigðiskerfinu. Þess vegna óska Kærleikssamtökin hvarvetna eftir samstarfi.

Í þessu riti eru teknar saman staðreyndir sem hafa átt sér stað í íslensku samfélagi frá árinu 2005 – miðað við skýrslur sem hafa birst – vitneskju félagasamtaka – og frásagnir þeirra sem eru á götunni. Þar greinir oft verulega á með ýmis atriði sem snúa að bráðum vanda, þörfum og virkum úrræðum sem miða að varanlegri lausn fyrir heimilislausra. Ljóst er að horfa þarf á heimilisleysi í tengslum við áföll sem urðu fyrir þann tíma og afleiðingar (áföll) sem stafa af heimilisleysinu, neyslu eða fangelsisvist.

Vitnað er stuttlega í skýrslu samráðshóps frá 2005, álit umboðsmanns Alþingis frá 2018, aðgerðir velferðarsviðs og staða heimilislausra í dag skoðuð. Staðreyndir eru láttnar tala sínu máli og eru undirstaða heildarlausna Kærleikssamtakanna.

Félagsmálaráðuneytið Skýsla samráðshóp 2005**Aðstæður húsnæðislausra í Reykjavík og tillögur til úrbóta****Samantekt og tillögur**

“Þessi skýrsla fjallar um fólk sem ekki á þak yfir höfuðið. Lífsstíll þess er annar er flestra í samfélaginu þó ólíklegt sé að fólkið hafi valið sér þessar aðstæður eða umhverfi. Þessar aðstæður leiða til þess að leita verður sérstakra leiða til að ná samvinnu við fólkið; í því liggur að vissu leyti eðli vandans. Sveigjanleiki í vinnubrögðum og ný viðhorf til fólks sem er fullkomlega húsnæðislaust eru nauðsynleg til að tryggja að félagsþjónustan og heilsugæslan nýtist þessu fólki.

Við könnun samráðshópsins hefur komið í ljós að milli 45 og 55 manns á hverjum tíma eiga hvergi höfði sínu að halla í Reykjavík. Einkenni hópsins eru nokkuð skýr. Flestir eru karlmenn milli þrítugs og fimmtugs, þeir eru einhleypir og margir einstæðingar, flestir eru öryrkjar og þeir búa á götunni, í gistiskýlum eða eru inni á meðferðarstofnunum.

Rétt er að leggja áherslu á að **erfitt er að greina meginorsök vandans**, en þær upplýsingar sem fyrir liggja benda til alvarlegs heilsubrests og ofneyslu áfengis- og fíkniefna hjá þeim sem eiga hvergi höfði sínu að halla í Reykjavík. Geðrænir erfiðleikar fylgja oft í kjölfar langvarandi neyslu og má leiða líkum að því að verulegur hluti þeirra sem hér um ræðir sé geðfatlaður, þrátt fyrir að þeir hafi ekki komist á skrá sem slíkir. Hópurinn er að mörgu leyti óskilgreindur meðal annars vegna þess að hann er utangarðs. Húsnæðislausir eru fyrst og fremst fólk götunnar í augum borgaranna, ekki fatlað fólk sem á við verulega geðræna erfiðleika að etja. **Ekki er hér gerð frekari tilraun til að greina hvað olli því að fólkið er komið í slíkan vanda heldur verða hér lagðar til leiðir til að bæta líf þessa fólks.**

Augljóst er að **samvinna** milli félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og lögreglu er **forsenda þess** að þeir sem hér um ræðir, þ.e. þeir sem eru á götunni **vegna félagslegra og heilsufarslegra vandamála**, komist í varanlegt húsnæði. Reykjavíkurborg hefur um árabil rekið gistiskýli fyrir húsnæðislausu í Reykjavík við góðan orðstír. Framundan er þróunarvinna til að bæta enn frekar stuðning og ráðgjöf við þá einstaklinga sem eru í þessum sporum. Mikilvægt er að þessi þróun haldist í hendur við þá uppbyggingu sem starfshópurinn leggur hér til.

Í þessu ljósi er lagt til að **ríki og Reykjavíkurborg geri ákveðnar ráðstafanir til að tryggja húsnæðislausum í Reykjavík húsnæði. Lagt er til að ný heimili verði stofnuð með aukinni þjónustu og að samráðs- og eftirlitsteymi verði sett á laggirnar.**”

Kærleikssamtökin:

Hafa þarf þarfir einstaklinganna í huga fremur en þarfir kerfisins. Allt of lengi hafa sveitarfélögin komist upp með að útbúa sínar eigin reglur og stýra þeim sér í hag en almenningi í óhag. Útkoman er sú að nú hefur heimilislausum fjölgað til muna og vandi þeirra er margfaldur á við það sem talað er um í skýrslu samráðshópsins frá 2005. Þetta leiðir okkur að niðurstöðum umboðsmanns Alþingis í álitu sínu frá í sumar.

Álit og bréf umboðsmanns Alþingis 2018

Úr bréfi umboðsmanns með álitinu:

“Umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um biðtíma utangarðsfólks eftir því að fá úthlutað varanlegu húsnæði hjá Reykjavíkurborg, skilyrði sem í reynd eru sett gagnvart þeim sem glíma við fíknivanda til að fá úthlutað húsnæði og fjölda gistinátta sömu einstaklinga í neyðarathvörfum hjá borginni, verði ekki annað ráðið en **að til staðar sé almennur og viðvarandi vandi** í tengslum við húsnæðismál utangarðsfólks og það sama eigi við um hóp einstaklinga með fjölpættan vanda. Ekki sé unnt að líta svo á að almennur málsmeðferðartími í málaflokknum sé í samræmi við þau sjónarmið sem liggja til grundvallar málshraðareglum stjórnisýsluréttarins.

Þegar þessi atriði og umgjörð við úrlausn á húsnæðisvanda utangarðsfólks hjá Reykjavíkurborg séu virt heildstætt **skorti á að Reykjavíkurborg tryggi** utangarðsfólki, svo fullnægjandi sé, aðstoð við lausn á bráðum húsnæðisvanda í samræmi við ákvæði laga nr. 40/1991, eins og þau verða

túlkuð í ljósi 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og fjölþjóðlegra mannréttindareglna.

Umboðsmaður komst einnig að þeirri niðurstöðu að reglur **Reykjavíkurborgar** um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur fullnægi ekki kröfum sem gera verður til skýrleika reglna um skilyrði sem í reynd eru sett fyrir úthlutun húsnæðis.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum **til þeirra stjórnvalda sem bera ábyrgð** á og fjalla um þessi mál að gerðar yrðu, eins fljótt og unnt er, fullnægjandi ráðstafanir til þess að bæta úr þeim annmörkum sem verið hefðu á málsmeðferðartíma og framboði húsnæðisúrræða vegna utangarðsfólks og þar með líka hóps þeirra sem glíma við fjölþættan vanda, m.a. með gerð áætlana um aðgerðir til að mæta og leysa úr þessum vanda.

Umboðsmaður tók fram að þar sem lögin kveða ekki á um hvernig sveitarfélögin skuli haga úrlausn þessara mála að öðru leyti en að leysa úr bráðum vanda meðan unnið er að varanlegri lausn teldi hann ekki rétt að ganga lengra að sinni **í tilmælum sínum til stjórnvalda en að þau, hvert á sínu sviði þessara mála, gerðu og legðu fram eins fljótt og því yrði komið við áætlanir um aðgerðir til að mæta þessum vanda.**

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum sérstaklega til **Reykjavíkurborgar** að þegar verði leitað leiða til að haga afgreiðslutíma og upplýsingagjöf um fyrirsjáanlegar tafir á því að þeir sem hafa fengið samþykka umsókn um húsnæði hjá borginni fái því úthlutað í samræmi við þær reglur sem koma fram í 9. gr. stjórnarsýslulaga.

Enn fremur minnti hann á að í hverju tilviki verður að fara fram **einstaklingsbundið mat** og rannsókn **á aðstæðum viðkomandi** umsækjanda um húsnæðisúrræði auk þess sem gætt verði að leiðbeiningarskyldu og skyldu til að skrá upplýsingar um málsatvik og meðferð mála.

Umboðsmaður mæltist einnig til þess að **Reykjavíkurborg** ljúki sem fyrst við yfirstandandi endurskoðun gildandi reglna um félagslegt leiguhúsnæði þannig að þær endurspegli í reynd öll þau atriði sem hafa þýðingu við úthlutun almenns félagslegs húsnæðis, auk fyrirhugaðrar setningar reglna um sértæk húsnæðisúrræði.

Umboðsmaður birti með álitinu niðurstöður athugunar sem gerð var hjá **15 fjölmennustu sveitarfélögum** utan Reykjavíkur með tilliti til húsnæðismála utangarðsfólks. Þótt athuginin beri með sér að almennt hafi lítið reynt á þessar aðstæður hjá flestum sveitarfélaganna taldi umboðsmaður þó ástæðu til að beina þeim tilmælum til þeirra að þau fari yfir þessi mál með tilliti til þess sem fram kemur í álitinu og hugi að því, og þá eftir atvikum að höfðu samráði við Reykjavíkurborg vegna einstaklinga sem þangað leita frá öðrum sveitarfélögum, hvernig þau rækja þær skyldur sem lög leggja á þau að þessu leyti.

Með vísan til þess að félagsþjónusta sveitarfélaga heyrir undir **félags- og jafnréttismálaráðherra** beindi umboðsmaður þeim tilmælum til hans að tekin verði afstaða til þess hvort tilefni sé til að ráðuneytið, í krafti eftirlitsheimilda sinna, skoði nánar stöðu og framkvæmd þessara mála hjá einstökum sveitarfélögum.

Umboðsmaður tók fram að með tilliti til þess að **Alþingi hefur með lögum** falið sveitarfélögum að annast umrætt verkefni kunnri að reyna á að hvaða marki ráðuneytið telur **eftirlitsheimildir** sínar duga til afskipta af þessum málum hjá sveitarfélögum og þá hvort tilefni sé til þess að skerpa á ákvæðum laga um þetta verkefni sveitarfélaga þannig að skyldur þeirra séu útfærðar nánar og þar með verði réttur íbúanna að þessu leyti skýrari.

Umboðsmaður ákvað jafnframt að vekja athygli **heilbrigðisráðherra** og **dómsmálaráðherra** á stöðu þeirra mála sem fjallað er um í álitinu og þá með tilliti til þess hvernig þessi mál tengjast vanda einstaklinga sem dvelja eða hafa dvalið eða verið vistaðir á stofnunum sem ríkið

starfrækir, s.s. geðsjúkrahúsum og fangelsum. Umboðsmaður tók fram að hann teldi mikilvægt að þeir aðilar sem koma að málefnum þeirra hópa sem fjallað er um í álitinu, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga, hafi með sér samráð um hvernig takast megi á við húsnæðisvanda þeirra þannig að efnisleg lágmarksréttindi séu tryggð og **að um sé að ræða raunhæf og virk úrræði í þágu þeirra.**”

Kærleikssamtökin:

Hvernig má vera að heimilislausum hefur fjölgað margfalt og að í dag sé heimilisleysi staða margra einstaklinga sem þekktist ekki áður? Til að mynda einstaklinga sem eru að bjarga sér í tjöldum, bílum, hjólhýsum, sem flytja á milli herbergja eða vana og ættingja. Þar eru margir sem eru ekki í neyslu og eru jafnvel í vinnu en ná ekki endum saman og hafa því neyðst eða kosið að hætta að eltast við félagslega íbúð, leiguíbúð á frjálsum markaði eða kaup á íbúð. Aðrir eru fastir á biðlistum hvort sem er félagslegri íbúð eða á áfangaheimili. Margra býður gatan eftir að hafa náð sér á strik og náð góðum árangri eftir nokkra mánuði á áfangaheimili.

Eins og Kærleikssamtökin lögðu fram á fundi velferðarráðs með félagasamtökum, þann 10. ágúst sl., þá greina þau vanda heimilislausra í aðal- og aukavanda. Að **aðalvandi** sé heimilisleysi og að **aukavandi** er sá vandi sem verður til vegna heimilisleysis. Hér bæta þau um betur með því að segja að þriðji vandi fólksins sé **undirliggjandi vandi** = sem verður til við áföll í lífinu, mikið til í æsku. Hér er þó vert að taka skýrt fram að þessi undirliggjandi vandi er ekki eina orsök heimilisleysis – heldur koma þar aðrir þættir inn sem eru umhverfisþættir og sem almenningur getur ekki stýrt, s.s. skortur á meðferðarformum í formi heimila, bráðabirgða og langtíma úrræða, uppbyggingu innan fangelsa, eftirfylgni og svo í endurhæfingar- og bótakerfinu. Lágur bætur, skerðingar og engin uppbygging þegar einstaklingur er orðin öryrki ráða þar miklu.

Í dag er árið 2018. Fjöldi heimilislausra og vandi þeirra hefur aukist til muna. Ekki er lengur um “*einkenni hópsins*” að ræða heldur einkenni margra hópa. Ekki er lengur um “*45-55 manns*” að ræða heldur mörg hundruð manns og jafnvel þúsunda. Ekki er lengur um að ræða “*karlmenn milli þrítugs og fimmtugs sem eru einhleypir og margir einstæðingar*” heldur einstæða foreldra, ungt fólk, eldra fólk og fjölskyldur. Ekki er lengur um að ræða að “*þeir búa á götunni, í gistiskýlum eða eru inni á meðferðarstofnunum*” heldur búa heimilislausir í dag í bílakjöllurum, ruslageymslum, tómum húsum, tjöldum, bílum, innréttuðum bílum eða húsbílum, leiga herbergi eða búa í sófanum inn á vinum og ættingjum.

Aðalvandkvæðið í skýrslu samráðshópsins er sá þáttur að “*ekki er gerð frekari tilraun til að greina hvað olli því að fólkið er komið í slíkan vanda heldur verða hér lagðar til leiðir til að bæta líf þessa fólks.*” Hvernig á að bæta líf einstaklings ef viðkomandi er **ekki útvegað viðeigandi húsnæði og það er ekki horft til þess sem olli stöðu hans = áföll?** Talað er um að “*þær upplýsingar sem fyrir liggja benda til alvarlegs heilsubrests og ofneyslu áfengis- og fíkniefna*”. Hvað olli alvarlegum heilsubrestit og hvað olli ofneyslu áfengis og fíkniefna? Á meðan ekki er tekið mið af aðal-, auka- og undirliggjandi vanda hvers og eins, þá eru fundnar lausnir sem gera þessa einstaklinga utangarðs, háða kerfinu, ábyrgðar- og athafnalaus og með sífelld aukinni þjónustu sem krefst sífelld meira fjármagns og starfsfólks.

Þessi nálgun viðheldur og eykur vandann – en leysir hann ekki.

Aðalvandkvæðið í álitni umboðsmanns Alþingis er sá þáttur að gera eigi, eins fljótt og því verður komið við, “*áætlanir um aðgerðir til að mæta þessum vanda*”. Þegar ákveðnar athugasemdir og tilmæli umboðsmanns til Reykjavíkurborgar og stjórnvalda eru skoðaðar stendur eitt upp úr – að **hver** stofnun fari yfir **sínar** reglur og skoði hvort verklag **þeirra** eða eftirlitsheimild **standist lagalegri skyldu** þeirra, s.s.:

- Að 15 fjölmennustu sveitarfélögin fari yfir þessi mál með tilliti til þess sem fram kemur í álitinu og hugi að því, og þá eftir atvikum að höfðu samráði við Reykjavíkurborg, vegna einstaklinga sem þangað leita frá öðrum sveitarfélögum, hvernig þau rækja þær skyldur sem lög leggja á þau að þessu leyti.
- Að félags- og jafnréttismálaráðherra taki afstöðu til þess hvort tilefni sé til að ráðuneytið, í krafti eftirlitsheimilda sinna, skoði nánar stöðu og framkvæmd þessara mála hjá einstökum sveitarfélögum.
- Umboðsmaður ákvað jafnframt að vekja athygli heilbrigðisráðherra og dómsmálaráðherra á stöðu þeirra mála sem fjallað er um í álitinu og þá með tilliti til þess hvernig þessi mál tengjast vanda einstaklinga sem dvelja eða hafa dvalið eða verið vistaðir á stofnunum sem ríkið starfrækir, s.s. geðsjúkrahúsum og fangelsum.
- Að í hverju tilviki verður að fara fram einstaklingsbundið mat og rannsókn á aðstæðum viðkomandi umsækjanda um húsnæðisúrræði og eftir atvikum gæta að leiðbeiningarskyldu og skyldu til að skrá upplýsingar um málsatvik og meðferð mála.
- Að virtri þeirri lagaskyldu sem Alþingi hefur lagt á sveitarfélögin eru það tilmæli mín til þeirra stjórnvalda sem bera ábyrgð á og fjalla um þessi mál að gerðar verði, eins fljótt og unnt er, fullnægjandi ráðstafanir til þess að bæta úr ofangreindum annmörkum sem verið hafa á málsmeðferðartíma og framboði húsnæðisúrræða. Ég legg áherslu á það, m.a. í ljósi þess að þær áætlanir sem Reykjavíkurborg hefur gert um úrbætur í þessum málum á síðustu árum hafa aðeins að litlu leyti komið til móts við auknar þarfir, að þarna verði um að ræða raunhæfar og tímasettar áætlanir um úrbætur.

Kærleikssamtökin:

Að mati Kærleikssamtakanna liggja fyrir alveg nóg af rannsóknum og vitneskju um stöðu heimilislausra og að þessi tilmæli umboðsmanns séu eingöngu til þess eins að viðhalda sama hætti. Að núverandi kerfi, aðgerðir, nálgun og þjónusta viðhaldi og auki á vandann og að fjármagni sé stýrt í ranga átt. Eins og umboðsmaður segir sjálfur “*að til staðar sé almennur og viðvarandi vandi*”. **Einstaklingunum vantar:**

- 1) viðeigandi húsnæði strax.**
- 2) afþreyingu á daginn.**
- 3) uppbyggjandi sjálfsvinnu.**

Kærleikssamtökin hafa um árábil þróað úrræði sem byggir upp sterkan grunn og er hægt að nota einstaklingsmiðað á heimili, sér eða með öðrum úrræðum, á vinnustað og sem eftirfylgni. Þetta úrræði, sem heitir “**Ég er þess virði**”, er hægt að byrja að nota strax í dag inni í stofnunum. Með því að bæta eingungis við þessu eina úrræði án þess að breyta nokkru öðru þá hefði það í för með sér víðtæk áhrif fyrir heimilisláusa einstaklinga. **Kostnaðurinn við að bæta úrræði Kærleikssamtakanna við núverandi form samsvarar 1-3 stöðugildum.**

Með einni breytingu að auki mætti fara betur með fjármagn ríkis og sveitarfélaga til að standa við lagalega skyldu þeirra:

- Með því að **borga fyrir uppbyggjandi endurhæfingu** sem eykur virkni, getu og lífsgæði. Fyrsta skrefið yrði því að borga fyrir endurhæfingu eins og starf – ofan á bætur – seinna breytist endurhæfingin í launað starf. Hjá sumum til að byrja með á vernduðum vinnustað en hjá öðrum strax á vinnumarkaðnum. *Hægt er að útfæra þetta með ýmsum hætti og þarf að ræða nánar.* Með þessu mætti draga úr kostnaði starfsfólks hjá sveitarfélögum sem eyða að öllu jöfnu miklum tíma í heimilislauða, starfsfólks sem getur ekki leyst vanda fólksins, hvorki félagslegan, fjárhagslegan né húsnæðislegan.
- Að þessi **launaða endurhæfing** tengist virkum úrræðum inni á áfangaheimilum, úrræðum virkra félagasamtaka, á öllum heimilum sem sveitarfélög starfrækja, dagskýli = verndaður vinnustaður og sé aðgengileg samhliða áfengis- og vímuefnamedferðum.
- Með því að líta á endurhæfingu sem tímabundið starf og sem með tímanum færir meir og meir út í þjóðfélagið, þ.e. af bótum og inn á vinnumarkaðinn, mun það hafa víðtæk áhrif þegar kemur að starfsgetumati og fækkun bótaþega.

Úrræði Kærleikssamtakanna getur breytt mismunun á aðgengi að úrræði, forgangsröðun, biðlistum, hunsunum og loforðum sem draga fólk niður og ýta undir enn frekari neyslu og afbrot. **Er það gert með því að hafa sama form á öllum stöðum og sem allir hafa aðgang að.** Úrræði Kærleikssamtakanna byggir á þessari nýju hugsjón, nýrri nálgun og nýrri útfærslu og snýr að því að byggja upp heilsteypnan grunn hjá hverjum einstaklingi. Til viðbótar er fundið út hvaða nauðsynlegu meðferðir þurfi að koma samhliða hjá hverjum og einum. Erindi nokkurra félagasamtaka til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga um að reka dagsetur í formi verndaðs vinnustaðar getur svo tengst þeirri viðbótarbreytingu sem talað er um – launaða endurhæfingu sem eykur virkni og getu til starfs og lífsgæði fólks.

Í október sl. boðuðu Kærleikssamtökin önnur virk félagasamtök á fund til að ræða samstarf milli félagasamtaka. Það samstarf er nú komið í mótun, fyrsta skrefið var að óska eftir fundi með stýrihóp sem er að móta stefnu í þjónustu fyrir heimilislauða næstu árin hjá Reykjavíkurborg. Annað skrefið er erindið um dagskýli.

Að mati Kærleikssamtakanna þarf mun meiri og víðtækari samvinnu heldur en “*milli félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og lögreglu*” eins og umboðsmaður Alþingis leggur til. Þess vegna hafa Kærleikssamtökin lagt til samstarf við Reykjavíkurborg, við stjórnmalaflokka, við félagasamtök og við einstaklingana sjálfa sem um ræðir. Í samstarfinu koma allir aðilar jafnt að borðinu og tekist er á við það sem snýr að hverjum og einum. Til að mynda þarf ný hugsjón, ný nálgun og ný útfærsla að eiga sér stað – sem felst í heildarlausnum, varanlegum lausnum og samstarfi þar sem allir koma jafnt að borðinu.

Hér með stíga Kærleikssamtökin næsta skref og óska eftir samstarfi við önnur sveitarfélög, lögreglu og fangelsismálastofnun annars vegar og hins vegar við ráðuneyti og Alþingi sem eiga að sinna efitrliti og tryggja að lögum sé framfylgt og bæta úr eða bæta við nauðsynlegum lagagreinum eftir þörfum.

Sjá á næstu blöðum uppsetningu á mögulegum samstarfi Kærleikssamtakanna við þá aðila sem tilgreindir eru í þessu riti og skýringar á samstarfinu þar á eftir. Áhrif þessa samstarfs byggir á mannréttindum einstaklings, félagasamtaka, stofnana og starfsfólks. Til að ná slíku samstarfi sem byggir á mannréttindum þarf að skoða og meðhöndla vanda sem veldur ójafnvægi og leita lausna sem auka lífsgæði fólks. Þannig er mannréttindum fólks náð með samstarfi.

Virðingarfyllst,

Kærleikssamtökin – Engihjalla 25 – 200 Kópavogur – kls@kaerleikssamtokin.is

F.h.: Sigurlaug G. Ingólfssdóttir formaður

Júlíus Þórðarsson meðstjórnandi

Garðar S. Ottesen meðstjórnandi

Eftirtaldið aðilar fá rit þetta afhent:

Starfandi Alþingismenn allra flokka.

Ráðuneyti.

Umboðsmaður Alþingis.

Sveitarfélög landsins.

Reykjavíkurborg – borgarfulltrúar, velferðarráð, velferðarsvið, stýrihópur um mótun stefnu í þjónustu fyrir heimilislausa 2019-2025.

Lögreglan um allt land.

Fangelsismálastofnun ríkisins.

Félagasamtök sem voru boðuð og sátu fund með velferðarsviði og –ráði 10.8.2018.

Einstaklingar – rit þetta er sett á heimasíðu Kærleikssamtakanna, Facebooksíðu og grúppuna þeirra *Stöndum saman fyrir Réttlæti*. Einnig kynnt víðar.

ALPINGI

RÁÐUNEYTI

REYKJAVÍKURBORG
OG ÖNNUR
SVEITARFÉLGÖG

FANGELSISMÁLA-
STOFNUN

LÖGREGLAN Á
HÖFUÐBORGARSV.



SAMSTARF

KÆRLEIKSSAMTÖKIN

SAMSTARF



FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

FÉLÖG

EINSTAKLINGAR

Samstarf Kærleikssamtakanna við Alþingismenn allra flokka og ráðuneyti, Afstöðu félag fanga og ÖBÍ. Felst í að ná fram samstarfi um virkt utanumhald í tengslum við heimilislausa, öryrkja og einstaklinga sem þurfa langan tíma til að koma aftur undir sig fótunum.

Þannig að:

- Heimilisleysi hverfi með tímanum.
- Einstaklingar sem þurfa, fá hjálp við sínum vanda.
- Bataferlið sem þeir fara í gegnum veldur því að þeir verða virkir til atvinnuþátttöku eftir getu hvers og eins.
- Bótagreiðslur munu breytast í launagreiðslur með tímanum.
- Úrræðið hefur jákvæð áhrif á endurhæfingu/örorku/starfsgetumat.

Samstarf Kærleikssamtakanna við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Felst í að ná fram samstarfi um virkt utanumhald við heimilislausa og einstaklinga sem þurfa að koma aftur undir sig fótunum. Upplýsingaflæði til að koma einstaklingum í viðeigandi úrræði og leysa mál þeirra með samstarfi.

Samstarf Kærleikssamtakanna við Fangelsismálastofnun ríkisins, vistheimilið Vernd og Afstöðu félag fanga. Felst í að ná fram samstöðu um virkt utanumhald um leið og einstaklingur hefur afplánun og sem þarf langtímaúrræði eftir afplánun til að koma aftur undir sig fótunum. Virk uppbygging innan fangelsis, aðstoð og utanumhald með áframhaldi á heimili strax eftir afplánun sem kemur í veg fyrir að viðkomandi endi á götunni og dregur úr endurkomu í fangelsi.

Samstarf Kærleikssamtakanna við Sveitarfélög landsins og Lögregluna.

Byggja upp upplýsingaflæði og virk tengsl til að taka á stöðu einstaklinga sem þarfnast langtímaúrræðis til að koma aftur undir sig fótunum. Ef hvert sveitarfélag er með virkt áfangaheimili þar sem er til staðar samskonar úrræði þá geta einstaklingar alls staðar að af landinu dvalið í sínu sveitarfélagi eða óskað eftir að byggja sig upp utan síns sveitarfélags – sem gerir þeim kleift að komast út úr erfiðu umhverfi og félagsskap þegar þörf er á eða vera nálægt fjölskyldu, vinum og/eða ættingjum.

Samstarf Kærleikssamtakanna við Reykjavíkurborg – borgarfulltrúa, velferðarráð, velferðarsvið, stýrihóp um mótun stefnu í þjónustu fyrir heimilislausa 2019-2025.

Byggja upp upplýsingaflæði og virk tengsl til að taka á stöðu einstaklinga sem þarfnast langtímaúrræðis til að koma aftur undir sig fótunum.

Breyta þarf verklagi, aðkomu, nálgun og mögulega fleiru innan kerfisins til að hefja samstarf við þá hópa einstaklinga sem um ræðir. Úrræði Kærleikssamtakanna tekur mið af þessu.

Koma á samstarfi milli þeirra sem aðstoða og þjónusta, þ.e. starfsfólki sveitarfélaga og félagasamtaka. Koma á sama formi á öllum áfangaheimilum, heimilum, smáhýsum, og neyðarathvörfum borgarinnar. Bæta við húsnaði eftir þörfum í Reykjavík og um landið.

Breyta uppbyggingu Gistiskýlisins.

Hefja uppbyggingu á lóð undir húsbíla fyrir heimilislausa á viðeigandi stað sem verður tilbúin 15.4.2018 og tekur við að bráðabirgðaúrræðinu sem nú er á tjaldsvæðinu í Laugardal. Ef hægt er finna lóðir undir fleiri smáhýsi þá er líka hægt að finna lóð undir hjólhýsi – ef það er hægt að leyfa lóðir með smáhýsi fyrir einstaklinga í virkri neyslu með tilheyrandi áhrifum þá er líka hægt að leyfa lóð með húsbílum fyrir einstaklinga sem geta að mestu eða öllu séð um sig sjálfir.

Samstarf við Félagasamtök.

Koma á upplýsingaflæði og samstarfi milli félagasamtaka sem nú þegar hýsa, þjónusta og aðstoða heimilislausra og einstaklinga sem þurfa að koma aftur undir sig fótunum á einhvern hátt. Með því er hægt að halda utan um einstaklinginn í heild svo viðkomandi nái fótfestu. Stoppa það af, að fólk hlaupi á milli staða og fái fría þjónustu á mörgum stöðum. Búa til prógram í samstarfi við einstakling svo aðstoðin og þjónustan verði markviss og uppbyggileg, minnki eftir því viðkomandi verður færari um að sjá um sig sjálfur og jafnvel taki enda.

Koma á upplýsingaflæði og samstarfi milli félagasamtaka sem starfrækja áfangaheimili og meðferðarúrræði. Sameiginlegur biðlisti og samstarf um að tryggja réttasta úrræðið fyrir hvern og einn – hverju sinni. Byggja upp stigvaxandi þrepaskiptingu milli áfanga- og meðferðarheimilanna svo fólk geti farið frá einum stað yfir á annan eftir getu og þörfum.

Að félagasamtök standi saman í viðræðum við Reykjavíkurborg sérstaklega og önnur sveitarfélög eftir þörfum til að ýta undir að raunhæfar breytingar verði í málefnum heimilislausra og einstaklinga sem þurfa að koma aftur undir sig fótunum.

Samstarf við Einstaklinga.

Úrræði Kærleikssamtakanna “Ég er þess virði” tryggir einstaklingum samstarf, aðkomu þeirra, samtöl og aðstoð – sem ýtir undir að þeir fái áhuga og skilji þörfina á að bera ábyrgð á sjálfum sér. Með tímanum eykst þessi geta og aðstoðin minnkar.

Úrræðið aðlagar sig að getu og þörfum einstaklingsins en þrýstir líka á viðkomandi fari að horfast í augu við staðreyndir. Að finna lausnir við vanda og erfiðleikum, að leyta sér aðstoðar með því að finna meðferðir eða einhvers annars þegar nauðsyn krefur.

Hvort sem Kærleikssamtökin aðstoða einstakling til að skrifa bréf, fara yfir gögn, leita sér aðstoðr, réttar síns eða til að fá svör – þá felst það í samstarfi við einstaklinginn sem byggir á úrræðinu “Ég er þess virði”.

LOKAORÐ:

Í tengslum við ummæli umboðsmannsins að “*Enn fremur minnti hann á að í hverju tilviki verður að fara fram einstaklingsbundið mat og rannsókn á aðstæðum viðkomandi umsækjanda um húsnæðisúrræði auk þess sem gætt verði að leiðbeiningarskyldu og skyldu til að skrá upplýsingar um málsatvik og meðferð mála*” – þá vilja Kærleikssamtökin leggja áherslu á að notast sé alls staðar við sama formið og að ekki þurfi að fara í frekari rannsóknarvinnu á heimilisleysi eða högum einstaklinganna. Nota þarf allan kraft, tíma og peninga til **að leysa húsnæðisvanda borgarinnar og sveitarfélaga.**

Kærleikssamtökin benda á að HEILDARLAUSNIR þeirra felast í úrræðinu *Ég er þess virði, Réttur til heimilis og Verndaður vinnustaður* samhliða meðferðum og aðkomu nausynlegra úrræði eftir þörfum. Kærleikssamtökin leggja til að við öllum sameinumst í að sveitarfélögin leggi til nægt húsnæði, einnig viðurkenni, leyfi og nýti aðkomu félagasamtaka, sérsvið hvers þeirra og samstarf þeirra á milli. Þannig verður hægt að veita öllum sömu nálgun, uppbyggingu og sama tækifærið. Þegar því hefur verið náð getum við verið stolt af vinnuframlagi okkar.

Kærleikssamtökin

Sigurlaug G. Ingólfssdóttir – Júlíus Þórðarsson – Garðar S. Ottesen